



Lúxemborg, 25. mars 2013

FRÉTTATILKYNNING 4/2013

Dómur í máli E-10/12 *Yngvi Harðarson gegn Askar Capital hf.*

BREYTINGAR SEM GERÐAR HAFA VERIÐ Á RÁÐNINGARSAMNINGI ÁN ÞESS AÐ ÞÆR HAFI VERIÐ AFHENTAR LAUNÞEGA Í SKRIFLEGU SKJALI TELJAST EKKI ÓGILDAR AF ÞEIM SÖKUM SAMKVÆMT TILSKIPUN 91/533/EBE

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn, samkvæmt beiðni frá Héraðsdómi Reykjavíkur, ráðgefandi álit varðandi túlkun á tilskipun ráðsins 91/533/EBE frá 14. október 1991 um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrikomulagi („tilskipunin“).

Málið sem rekið er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur snýst um ágreining á milli Yngva Harðarsonar („sóknaraðila“), og fyrrverandi vinnuveitanda hans Askar Capital hf., fjármálafyrirtæki í slitameðferð, („varnaraðila“).

Í desember 2006 gerðu sóknaraðili og varnaraðili með sér skriflegan ráðningarsamning. Samkvæmt samningnum áttu mánaðarlaun sóknaraðila að vera 15.000 evrur á mánuði. Frá apríl 2009 voru laun sóknaraðila lækkuð niður í 1.500.000 krónur á mánuði (sem jafngildir um það bil 9.000 evrum á þágildandi gengi). Samningaviðræður vegna breytinga á launum sóknaraðila fóru fram munnlega og í tölvupósti. Slitastjórn var skipuð yfir starfsemi varnaraðila í júlí 2010 og lýsti sóknaraðili kröfu í slitameðferð varnaraðila. Krafa hans grundvallaðist á upphaflegum ráðningarsamningi sem kvað á um mánaðarlegar launagreiðslur að fjárhæð 15.000 evrur. Slitastjórn varnaraðila hafnaði lýstri kröfu sóknaraðila á grundvelli þess að slitastjórn taldi að frá apríl 2009 ættu mánaðarlaun hans að vera 1.500.000 kr.

Spurning Héraðsdóms Reykjavíkur til dómstólsins laut í meginatriðum að því hvort, og þá að hvaða marki, það hefði áhrif á útreikning greiðslu til launþega, ef launþeganum hefði ekki verið afhent skriflegt skjal um breytingar sem gætu haft áhrif á fjárhæð greiðslunnar, samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar.

Dómstóllinn tók fram að 5. gr. tilskipunarinnar kvæði á um að vinnuveitanda bæri að skýra launþega frá sérhverri breytingu á meginatriðum ráðningarsamnings eða ráðningarfyrikomulags í skriflegu skjali við fyrstu hentugleika og eigi síðar en einum mánuði eftir að breytingin kæmi til framkvæmda.

Dómstóllinn vísaði til þess að þegar slík tilkynning hefði ekki farið fram hefði tilskipunin engin áhrif á efnisákvæði ráðningarsamningsins. Dómstólum EES-ríkja væri því heimilt að beita reglum landsréttar um sönnunarfærslu varðandi tilvist og efni ráðningarsamnings eða ráðningarfyrikomulags.

Dómstóllinn tók fram að samkvæmt tilskipuninni væri ekki gerð krafa um það að breytingar á aðalatriðum ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags, sem ekki hefði verið minnst á í skriflegu skjali sem afhent hefði verið launþega, eða ekki væri orðað með nægilega skýrum hætti í slíku skjali, yrðu taldar ógildar. Þetta gildi einnig við gjaldþrotaskipti eða sambærileg skipti á hlutafélagi.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.